

Ályktun um húsnaðismál KÍ

Fjórða þing KÍ haldið í Reykjavík dagana 9. til 11. apríl 2008 felur stjórn KÍ að gera úttekt á húsnaðisþörf sambandsins til næstu tuttugu ára. Henni er ætlað að leiða í ljós hvort núverandi húsnaðisaðstaða fullnægi þörfum sambandsins næstu áratugi og þá með hvaða breytingum/viðbótum.

Niðurstöðu úttektarinnar ásamt tillögum um framtíðarlausn húsnaðismála KÍ skal leggja fyrir þing KÍ árið 2011.

Opnist sá möguleiki á kjörtímabilinu að byggja við Kennarahúsið samanber samþykkt þess efnis frá 3. þingi KÍ árið 2005 er stjórn heimilt að hefjast handa við þá framkvæmd enda leysi hún húsnaðisþörf sambandsins til frambúðar.

Ákvæði til bráðabirgða

Komi í ljós á kjörtímabilinu 2008 til 2011 að nýbyggingar á Landspítalalóð muni þrengja svo að starfsemi KÍ að grípa þurfi til sérstakra ráðstafana vegna þess samþykkir þingið að stjórn KÍ beri ákvarðanir um slíkt undir ársfund KÍ til samþykktar. Heimilt er stjórn að boða til aukaársfundar af þessu tilefni.